

Tilkynnt um tilnefningar til Eyrarrósarinnar:

Safnasafnið, Sjórnæningjahúsið og Við Djúpið tilnefnd til Eyrarrósarinnar 2012

Eyrarrósinn, sérstök viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni, verður veitt í áttunda sinn á Bessastöðum laugardaginn 18. febrúar næstkomandi. Þrjú verkefni hafa verið valin úr metfjölda umsókna og hljóta tilnefningu til Eyrarrósarinnar í ár: **Safnasafnið á Svalbarðsströnd, Sjórnæningjahúsið á Vatneyri við Patreksfjörð og tónlistarhátíðin Við Djúpið á Ísafirði.**

Handhafi Eyrarrósarinnar hlýtur 1,5 milljón krónur, verðlaunagrip eftir Steinunni Þórarinsdóttur myndhöggvara og flugferðir frá Flugfélagi Íslands. Aðrir tilnefndir hljóta 250 þúsund krónur auk flugferða. Dorrit Moussaieff forsetafrú, verndari Eyrarrósarinnar, afhendir verðlaunin.

Eyrarrósinn er samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík, Byggðastofnunar og Flugfélags Íslands. Markmið verðlaunanna er að efla fagmennsku og færni við skipulagningu menningarlífs og listviðburða á landsbyggðinni og skapa sóknarfæri á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu. Í umsögn valnefndar um verkefnið sem tilnefnd eru segir meðal annars:



Safnasafnið – Alþýðulistasafn Íslands stendur við þjóðveg eitt rétt utan við Akureyri, í gamla Þinghúsinu á Svalbarðsströnd. Safnið opnaði árið 1995 og vinnur metnaðarfullt brautryðjendastarf í söfnun og varðveislu á íslenskri alþýðulist. Safnið tengir saman alþýðulist og nútímamyndlist af alúð og kímni og vinnur ávallt í nánu samstarfi við samfélagið í kring.



Sjórnæningjahúsið á Vatneyri við Patreksfjörð hefur dregið að sér fjölda innlendra og erlendra ferðamanna frá opnun vorið 2008. Í Sjórnæningjahúsinu er öflugt tónleikahald, sýning tileinkuð sjóránnum við Íslandsstrendur, veitingastaður og sýningaraðstaða fyrir listamenn auk fjölbreyttra menningarviðburða árið um kring.



Við Djúpið á Ísafirði hefur skipað sér fastan sess í tónlistarlífi landsins og verður haldin í tíunda sinn á sumarsólstöðum. Hátíðin hefur eft tónlistarlíf og nýsköpun á Vestfjörðum með metnaðarfullri tónleikadagskrá og einnig er námskeiðahald mikilvægur þáttur í hátíðinni.

Handhafar Eyrarrósarinnar 2011 eru **Sumartónleikar í Skálholtskirkju**. Önnur menningarverkefni sem hlotið hafa Eyrarrós í hnappagatið eru tónlistarhátíðin **Bræðslan, Landnámssetrið í Borgarnesi**, rokkhátíðin **Aldrei fór ég suður**, **Strandagaldur** á Hólmavík, **LungA**, listahátíð ungs fólks á Austurlandi og **Þjóðlagahátíðin á Siglufirði**.

Nánari upplýsingar veita:

Steinunn Þórhallsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Listahátíðar s. 862-3242
Guðrún Norðfjörð, framkvæmdastjóri Listahátíðar s. 866 6010

Aðstandendur tilnefndra verkefna til Eyrarrósarinnar 2012:

Safnasafnið: Níels Hafstein og Magnhildur Sigurðardóttir s. 461-4066
Sjóræningjahúsið: Alda Davíðsdóttir yfirsjóræningi s. 845-5366
Við Djúpið: Greipur Gíslason, framkvæmdastjóri s. 898-3263



FLUGFÉLAG ÍSLANDS